

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 327/2019

2020/EES/14/55

frá 13. desember 2019

um breytingu á XXI. viðauka við EES-samninginn (Hagskýrslugerð)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1091 frá 18. júlí 2018 um samþættar hagskýrslur um landbúnað og niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 1166/2008 og (ESB) nr. 1337/2011 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2018/1091 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1166/2008, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta 23. liðar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1166/2008) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„**32018 1091**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1091 frá 18. júlí 2018 um samþættar hagskýrslur um landbúnað og niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 1166/2008 og (ESB) nr. 1337/2011 (Stjtíð. ESB L 200, 7.8.2018, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) EFTA-ríkin skulu ekki bundin af þeirri sundurliðun gagna eftir svæðum sem krafist er með þessari reglugerð.
- b) EFTA-ríkin skulu ekki bundin af því að safna og leggja fram gögn um innleiðingu ráðstafana sem tengjast einingunni „dreifbýlisþróun“ í b-lið 7. gr., einingunni „aldingarður“ í g-lið 7. gr. og einingunni „vínekra“ í h-lið 7. gr. og samkvæmt skráningu í IV. viðauka reglugerðarinnar, til viðbótar við sérstök gögn til fyllingar þeim þremur einingum sem getið er og grundvallast á 9. gr.
- c) Ákvæði reglugerðarinnar taka ekki til Liechtenstein.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2018/1091, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(¹) Stjtíð. ESB L 200, 7.8.2018, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.